



Menntaskólinn í Reykjavík

Kennsluáætlun: STÆR2DF08L og STÆR3DF09Ó veturinn 2025-2026.

Kennarar: Bjarni Gunnarsson og Sóley Benediktsdóttir

Kennslugögn: Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar seinni hluti,
Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar fyrri hluti,
Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar.

Bekkir: 5.Y og 5.Z.

Lýsing:

Hornaföll, hornafallajöfnur og -ójöfnur. Samsett og andhverf föll. Vísis- og lograföll. Markgildi, samfelld og diffranleg föll. Óeiginleg markgildi og aðfellur.

Markmið í yfirferð – birt með fyrirvara

Hautmisseri:

- Vika 1-4: Hornaföll, hornafallareglur og þríhyrningar (kaflar 2.1-2.3 í Stærðfræði handa 4. bekk seinni hluta ásamt kafla 3.3 í Stærðfræði handa 4. bekk fyrri hluta).
- Vika 5-9: Hornaföll í þríhyrningum, föll og gröf þeirra og bogamál (kaflar 2.4 og 3.1 ásamt texta í kafla 3.2 í Stærðfræði handa 4. bekk seinni hluta).
- Vika 10-15: Hornafallajöfnur og -ójöfnur, föll og andhverfur (kaflar 3.2-3.5 í Stærðfræði handa 4. bekk seinni hluta).

Vormisseri:

- Vika 1-4: Veldi, lograr og vísisvöxtur (kafla 3.6 í Stærðfræði handa 4. bekk seinni hluta og kafla 1 í Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar).
- Vika 5-9: Markgildi og samfelldni (kafla 2 í Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar).
- Vika 10-14: Diffrun og óeiginleg markgildi (kafla 3 og kafla 4.1 í Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar).

Námsmat

Námsmat í þessum áfanga byggist á reglubundnum skriflegum æfingum (um 6 á hvoru misseri), reglubundnum heimaðæmum (um 6 á hvoru misseri), frammistöðu nemandans í tímum og vinnubrögðum við heimanám og skriflegum og munnlegum misserisprófum.



Menntaskólinn í Reykjavík

- **Námseinkunnir:**
 - Lesin stærðfræði (stærðfræði I):
 - Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í lesinni stærðfræði á haustmisseri 1/3.
 - Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í lesinni stærðfræði á vormisseri 1/3.
 - Mat kennara á frammistöðu nemandans í tímum, munnlegri framsetningu stærðfræðinnar og fræðilegri yfirsýn 1/3.
 - Ólesin stærðfræði (stærðfræði II):
 - Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í ólesinni stærðfræði á haustmisseri 1/3.
 - Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í ólesinni stærðfræði á vormisseri 1/3.
 - Mat kennara á vinnubrögðum nemandans við heimanám, skriflegri framsetningu stærðfræðinnar og stærðfræðilegu innsæi 1/3.
- **Jólapróf:** Tvö skrifleg próf í 90 mínútur (annað fræðilegt).
- **Vorpróf:** Munnlegt próf (fræðilegt) og skriflegt próf í 90 mínútur.